

2320. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn fimmtudaginn 12. desember 2024 og hófst kl. 16:00. Fundurinn var haldinn á Laugardalsvelli og á Teams.

Mættir stjórnarmenn:

Þorvaldur Örlygsson formaður
Helga Helgadóttir varaformaður
Ingi Sigurðsson varaformaður
Guðmundur Hafþórsson
Halldór Breiðfjörð Jóhannsson
Hildur Jóna Þorsteinsdóttir
Jón Sigurður Pétursson
Jón Rúnar Halldórsson
Orri Vignir Hlökkversson
Pálmi Haraldsson
Sveinn Gíslason
Tinna Hrund Hlynisdóttir
Unnar Stefán Sigurðsson
Þorkell Máni Pétursson
Þorsteinn Haukur Harðarson

Á Teams:

(enginn)

Forföll:

Sigrún Ríkharðsdóttir
Trausti Hjaltason
Tryggvi Gunnarsson

Mættir starfsmenn:

Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri
Ómar Smáráson samskiptastjóri sem ritaði fundargerð
Haukur Hinriksson yfirlögfræðingur

Þorvaldur Örlygsson formaður KSÍ bauð alla velkomna og fór yfir dagskrá fundarins.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar
 - a. Farið yfir fundargerð síðasta stjórnarfundar (fundur nr. 2319). Fundargerðin hefur verið send í rafræna undirritun.
2. Fundargerðir nefnda lagðar fram og fréttir af vettvangi ÍTF
 - a. Lögð var fram 8. fundargerð dómaranefndar (sjá einnig um dómaramál hér aftar í þessari fundargerð).
 - b. Lögð fram fundargerð 9. fundar mótanefndar á árinu (sjá einnig um mótamál og lög og reglugerðir hér aftar í þessari fundargerð).
 - c. Ingi Sigurðsson formaður fjárhags- og endurskoðunarnefndar lagði fram fundargerð nefndarinnar frá 27. nóvember, þar sem m.a. var farið yfir uppgjör þriðja ársþriðjungs. Eins og kom fram í kynningu fjármálastjóra KSÍ á stjórnarfundum nr. 2318 þá er reksturinn á áætlun.
 - d. Orri Vignir Hlökkversson fór yfir nýjustu fréttir af vettvangi ÍTF, greindi m.a. frá fundi með KSÍ um mótamál komandi keppnistímabils, og samningamál við samstarfsaðila ÍTF. Aðalfundur ÍTF er fyrirhugaður í vikunni fyrir ársþing KSÍ í febrúar.
3. Málefni landshluta
 - a. Landshlutafulltrúar fóru yfir verkefni, stöðu ýmissa mála og áskoranir í hverjum landshluta.

Aðstöðumál eru ofarlega á baugi í landshlutum. Aðstaðan er misjöfn, í sumum tilfellum í góðum farvegi m.a. vegna framlaga úr mannvirkjasjóði KSÍ, en víða er aðstöðu ábótavant og mikilvægt að félögin á hverju svæði njóti áfram stuðnings KSÍ við að sækja á sveitarfélögin. Að vissu leyti vegna aðstöðumála er sums staðar áskorun að viðhalda fjölda iðkenda og ekki síður að fjölga þeim, sér í lagi á minni stöðum. Það er engu að síður kraftur í starfinu og hugur í fólkinu.

- b. Rætt var almennt um hlutverk landshlutafulltrúa, hvernig þeir og þeirra hlutverk nýtist hreyfingunni og KSÍ á hverju svæði sem best og hvernig megi styrkja stöðu og hlutverk landshlutafulltrúa almennt.

4. Ársþing KSÍ 2025

- a. Undirbúningur 79. ársþings KSÍ er hafinn, en þingið fer fram á Hilton Reykjavík Nordica laugardaginn 22. febrúar á nýju ári. Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri fór yfir ýmsa þætti í undirbúningi og framkvæmd þingsins sem verður boðað formlega á næstu dögum.

5. Lög og reglugerðir

- a. Haukur Hinriksson yfirlögfræðingur KSÍ fór yfir ýmsar tillögur um breytingar og uppfærslur á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Tillögur voru unnar af laga- og leikreglanefnd KSÍ. Stjórn KSÍ samþykkti tillögurnar. Helga Helgadóttir formaður mótanefndar tók til máls og fór yfir þau bráðabirgðaákvæði hafa verið í gildi í Íslandsmóti 2. flokks karla og kvenna, 3. flokki karla og kvenna og í 3. flokki karla. Um ræðir ákvæði um lotukerfi og heimild eldri leikmanna til að leika í 2. flokki kvenna. Margir stjórnarmenn tóku til máls og skipst var á skoðunum. Ákveðið var að skoða ákveðna þætti nánar og taka tillögurnar aftur til umfjöllunar á næsta stjórnarfundi.
- b. Haukur Hinriksson fór yfir drög að reglum um flutning ungra afreksleikmanna milli liða/félaga, í samræmi við tillögur starfshóps sem skipaður var í kjölfar ársþings KSÍ 2024. Ingi Sigurðsson varaformaður KSÍ fór jafnframt yfir tildrög málsins og reifaði vinnu starfshópsins. Stjórnarmenn skiptust á skoðunum og lögðu fram nokkrar spurningar, sem Haukur og Ingi svöruðu. *Stjórn KSÍ samþykkti að vísa málinu til ÍTF.*

6. Mótamál

- a) Ýmis mótamál rædd samhliða umræðum um breytingar og uppfærslur á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót (sjá hér að ofan), meðal annars aldursskipting í 2. flokki kvenna og lotukerfi í 2. og 3. aldursflokki.

7. Dómaramál

- a. Halldór Breiðfjörð stjórnarmaður og dómaranefndarmaður fór yfir stöðu mála, stiklaði á stóru um dómaramál á árinu sem er að líða, ýmis verkefni sem eru framundan – erlend jafnt sem innlend, sagði frá greiningartóli sem dómara nota til að rýna leiki og sagði jafnframt frá nýju útbreiðsluverkefni í formi stuttra myndbanda sem er á teikniborðinu, og fór loks stuttlega yfir undirbúning næsta keppnistímabils. Stjórnarmenn ræddu ýmis mál í framhaldinu og tóku t.a.m. margir til máls varðandi VAR sérstaklega.

8. Önnur mál

- a. Greint frá því að Íslensk getspá hafi úthlutað KSÍ 15 milljónum króna sem aukagreiðslu vegna góðs árangurs A landsliðs kvenna og þátttöku þess liðs í úrslitakeppni EM 2025.
- b. Þorvaldur Örylgsson formaður KSÍ fór stuttlega yfir þau málefni sem voru rædd á fundi formanna knattspyrnusambandanna á Norðurlöndunum. Helst voru þar til umræðu málefni tengd þingi UEFA á komandi vori og málefni tengd lokakeppnum HM 2030 og 2034.
- c. Þorvaldur Örylgsson formaður KSÍ fór yfir stöðu mála gagnvart Afrekssjóði ÍSÍ og greindi frá fundi

- formanns og framkvæmdastjóra KSÍ með forsvarsmönnum ÍSÍ vegna Afrekssjóðs.
- d. Dregið verður í riðla fyrir úrslitakeppni EM A landsliða kvenna í Sviss á mánudag og sama dag er von á tilkynningu frá UEFA varðandi fjárframlag frá UEFA til þeirra knattspyrnusambanda sem eru með þátttökulið í keppninni.
 - e. Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri KSÍ fór yfir núverandi fyrirkomulag á Leikmannavali KSÍ og nokkrar tillögur að breyttu fyrirkomulagi. *Stjórn KSÍ samþykkti að halda óbreyttu fyrirkomulagi.*
 - f. Árlegur formanna- og framkvæmdastjórafundur KSÍ fór fram 30. nóvember síðastliðinn. Fullt hús var á fundinum. Eysteinn Pétur Lárusson fór stuttlega yfir fundarefnið.
 - g. Farið var yfir niðurstöður þjónustukönnunar KSÍ sem birtar voru í vikunni. Heilt yfir og almennt er mikill meirihluti svarenda ánægður með þá þjónustu sem KSÍ veitir aðildarfélögum, sem og stuðning og samskipti við félögin og þeirra fulltrúa. Um og yfir 80 prósent svarenda eru t.a.m. ánægðir með þjónustu KSÍ við aðildarfélög, samskipti við fulltrúa félaga, viðbrögð við fyrirspurnum, stuðning og leiðbeiningar, námskeið og fræðslu.
 - h. Jón Rúnar Halldórsson tók til máls um erindi sitt til stjórnar KSÍ og svar stjórnar við því erindi.

Fundi slitið kl. 18:15.

Fundarritari: Ómar Smárason

Næstu fundir boðaðir miðvikudaginn 8. janúar og miðvikudaginn 29. janúar.